

Fundargerð 414. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2019, miðvikudaginn 28. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson og Björn Arnaldsson. Í fjarfundarbúnaði voru Hanna Björg Konráðsdóttir og Pétur Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 413. fundar - 1901002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 413. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 15. maí 2019.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Samstarfsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 1908001HA

Lögð fram til kynningar 1. fundargerð samstarfsnefndar Fiskistofu og Hafnasambands Íslands frá 10. maí 2019, ásamt samantekt úr fundargerðinni.

Starfsmanni falið að senda samantekt úr fundargerðinni á aðildarhafnir.

3. Hugbúnaðarlausnir fyrir umhverfismál - 1903002HA

Lögð fram drög að rammasamningi milli Hafnasambands Íslands og "Klappir Grænar lausnir hf", dags. í ágúst 2019, um hugbúnaðarlausir Klappa.

Stjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og jafnframt að greiða 1.500.000 kr. auk vsk. sem eingreiðslu í innleiðingar og þróunargjald. Formanni falið að ganga endanlega frá orðalagi samningsins í samræmi við umræður á fundinum. Verkefnið verður svo kynnt á hafnafundi 27. september n.k.

4. Útblástur og landtenging skipa - 1605005HA

Formaður gerði grein fyrir þróun og stöðu mála varðandi útblástur og landtengingar skipa.

Ákveðið að skoða hvernig megi gera skýrslur hafna um útblástur og landtengingar aðgengilegar á vefsíðu hafnasambandsins.

5. Hafnafundur 2019 - 1901003HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnafundar 2019 sem haldinn verður í Þorlákshöfn 27. september nk.

Stjórn samþykkir drög að dagskrá og felur starfsmanni að halda áfram með undirbúning og senda skráningarform á aðildarhafnir.

6. Sjávarklasinn og Norðurlandaráð - verkefni - 1907002HA

Lagður fram til kynningar tölvupóstur frá Þór Sigfússyni, stjórnarformanni Íslenska sjávarklasans ehf., dags. 9. júlí 2019, þar sem óskað er eftir fundi vegna verkefnis sem unnið er að fyrir Norðurlandaráð sem gengur út á að skoða hvernig megi efla hafnir sem nýsköpunarsetur eða uppsprettu nýsköpunar.

7. Tilnefning í Ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila - 1904002HA

Lagt fram til kynningar bréf hafnasambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 3. maí 2019, þar sem Hanna Björg Konráðsdóttir, varaformaður stjórnar Reykjaneshafnar, er tilnefnd sem aðalmaður í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila, og Eydís Ásbjörnsdóttir, varaformaður hafnarstjórnar Fjarðabyggðar, til vara.

8. Leiðbeiningar fyrir stjórnendur farþegaskipa - 1812002HA

Lagðar fram til kynningar leiðbeiningar fyrir stjórnendur farþegaskipa sem koma til Íslands, útg. árið 2019.

9. Röðun báta við bryggjur - 1907001HA

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Ástu Þorleifsdóttur, varaformanns Siglingaráðs, dags. 25. júní 2019, um röðun báta við bryggjur. Tölvupósturinn hefur verið sendur til allra aðildarhafna hafnasambandsins.

10. Siglingaráð - 1712003HA

Lagðar fram fundargerð 15. og 16. fundar siglingaráðs frá 10. apríl og 23. maí 2019.

11. Faghópur hafnsögumanna og skipstjóra - 1908002HA

Rætt um að stofna faghóp fyrir hafnsögumenn og skipstjóra.

Ákveðið að finna fulltrúa í slíkan hóp og taka málið aftur upp á næsta fundi.

Í lok fundar sendi stjórn hafnasambandsins Guðnýju Hrund Karlsdóttur sínar bestu kveðjur en hún var að hætta sem sveitarstjóri Húnaþings vestra og um leið í stjórn hafnasambandsins. Þakkar stjórnin fyrir samstarfið og óskar henni velgengni í nýjum verkefnum.

Fundi var slitið kl. 12:50.

Gísli Gíslason

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson